



TOLLSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. D 138/1071
komudagur 16.2.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 11. febrúar 2010.

Málefni: *Unsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, með síðari breytingum, 343. mál lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009 – 2010.*

Tollstjóri hefur móttengið erindi Viðskiptanefndar Alþingis, sent með tölvupósti 3. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002 með síðari breytingum.

Markmiðið með frumvarpinu er að gera úrbætur á löggjöf um fjármálafyrirtæki sem nauðsynlegt er talið að gera þurfi í ljósi efnahagshrunsins sem varð haustið 2008 og þeim efnahagsörðuleikum sem landið hefur staðið frammi fyrir frá þeim tíma.

Tollstjóri gerir ekki athugasemdir við ofangreint frumvarp en efni þess hefur ekki áhrif á starfsemi embættisins. Tollstjóri vill hins vegar taka fram að það er mat embættisins að verði frumvarpið samþykkt sem lög frá Alþingi muni það stuðla að traustara fjármálakerfi í landinu.

Virðingarfyllst,
f.h. Tollstjóra

Sigurður Skúli Bergsson
aðstoðartollstjóri